

**21. fundur atvinnu-og ferðamálanefndar Bláskógabyggðar var haldinn í Aratungu, Reykholti, miðvikudaginn 5. nóv 2015 kl. 18:00.**

Mættir: Kristinn Bjarnason, formaður, Sigurlaug Angantýsdóttir, Gróa Grímsdóttir og Eyrún Margrét Stefánsdóttir sem ritar fundargerð. Sigurjón Sæland sá sér ekki fært að mæta.

Málefni fundarins voru eftirfarandi.

**1. Fundur ferðamálaráðs Uppsveita Árnassýslu.**

Formaður fór yfir það helsta sem fram fór á fundi ferðamálaráðsins þann 20. október s.l. Að öðru leyti er hér vísað í fundargerð fundarins sem ætti að vera aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins.

**2. Tekjur sveitarfélagsins af ferðamönnum.**

Nefndin tekur undir bókun undir lið 8 frá 189. sveitarstjórnarfundi þann 6. október s.l.

**3. Breytt fyrirkomulag póstburðar**

Mikil óánægja er meðal íbúa og atvinnurekenda við breytt fyrirkomulag. Skert þjónusta póstsins hefur þau áhrif að póstur kemur seint og getur þ.a.l. valdið verulegum óþægindum og hugarangri meðal íbúa sem og atvinnurekenda í sveitarfélaginu.

**4. Póstnúmer í Bláskógabyggð**

Umræður áttu sér stað um póstnúmer sveitarfélagsins.

**5. Ljósleiðaravæðing**

Umræður áttu sér stað. Lélegt netsamband er (enn) víða fyrirstaða fyrir atvinnurekendur. Það á bæði við um þá sem hafa hug á því að færa út rekstrarkvíarnar sem og þá sem hafa ekki möguleika á að bjóða kúnum uppá að greiða með greiðsukorti þar sem það næst ekki netsamband við posa. Útboð á vegum sveitarfélagsins um lagningu ljósleiðara er í ferli og niðurstöður liggja fyrir á næstu dögum/vikum.

Næsti fundur er áætlaður í febrúar. Formaður boðar til fundar þegar nær dregur.

Fundi slitið kl. 20.15.